



Fréttabréf FFA - september 2025

Þá nálgast haustið

Haustið hefst á því að skálanefndir félagsins fara á fjöll til að loka skálunum fyrir veturinn. Gönguferðirnar halda áfram og verða fjórar ferðir í september og í okóber verða Góðviðrisgöngur með sama sniði og í fyrra, þ.e. settar verða upp 5-6 ferðir sem verður svo valið úr eftir veðri. Þetta verður auglýst betur upp úr miðjum september.

[Gönguferðir í september má sjá hér](#)

Haustverkefnið „Haustfjöll með Ásdísi og Sirrý“ er komið í auglýsingu og skráning hafin. Við hvetjum ykkur til að missa ekki af þessu skemmtilega verkefni.

[Sjá nánar um Haustfjöllin hér](#)

Svo er komið að því að ljúka þaulanum. Nú er um að gera að ljúka honum, skila inn þáttökublöðum og vera með í útdrætti glæsilegra vinninga. Leiknum lýkur 20. september og þá þarf að skila inn þáttökublöðunum. Uppskeruhátíð leiksins verður fljótlega eftir það og auglýst sérstaklega.

[Hér eru allar upplýsingar um gönguleikinn](#)

